

Siðareglur

Lýðskólinn á Flateyri er samfélag nemenda, kennara og íbúa á Flateyri og nærsveita. Í slíku samfélagi ber okkur öllum jafnmikil skylda til að taka ábyrgð á gjörðum okkar, orðum og störfum og ekki síst okkur sjálfum. Við berum virðingu hvert fyrir öðru, komum fram hvert við annað af heiðarleika, sanngirni og réttlæti og berum hag samferðamanna okkar ávallt fyrir brjósti um leið og við berum virðingu fyrir sjálfum okkur.

Jafnvel þótt við gerum okkar besta og meinum vel er það nú einu sinni svo að við erum ólík, hugsum á mismunandi vegu og það sem einum finnst í lagi finnst öðrum vera merki um hamfarir. Í því geta siðareglur þrátt fyrir allt komið okkur langt í því að styðja við okkur sem samfélag fólks sem mun þurfa að verja saman töluverðum hluta sólarhringsins þá mánuði sem við búum saman á Flateyri.

Almennar reglur

- » Við stöndum vörð um heiður Lýðskólans og aðhöfumst ekki neitt það sem kynni að vera til þess fallið að rýra álit samfélagsins á skólanum.
- » Við erum jákvætt talsfólk Lýðskólans og erum meðvituð um að við tökum þátt í að móta skólann.
- » Við sýnum hvert öðru virðingu í öllum samskiptum og komum fram við hvert annað af tillitssemi, hvort sem um er að ræða í hefðbundnum samskiptum eða rafrænum.
- » Við gætum trúnaðar um persónuleg málefni hvers annars og um trúnaðarmál þriðja aðila. Við gætum fyllstu varúðar hvar og hvenær sem málefni nemenda eða samstarfsfólks eru til umræðu.
- » Við gætum þess að mismuna ekki hvert öðru, til dæmis vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða eða skoðana.
- » Við leggjum okkur fram í samvinnu og látum ekki persónuleg tengsl og hagsmuni hafa áhrif á hana.
- » Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum, endurgjöf og ummælum um aðra innan skólans.
- » Við leggjum ekki aðra í einelti og tilkynnum skólayfirvöldum ef við verðum vitni að einhvers konar einelti eða mismunun, ofbeldi eða kynferðislegri áreitni.
- » Við erum virkir þátttakendur í starfi og þróun skólans og lítum á það sem skyldu okkar að miðla upplýsingum sem geta orðið til þess að bæta starf skólans.
- » Við gætum þess að fara vel með fjármuni og aðrar eignir skólans.
- » Reykingar eru ekki leyfðar í húsnæði skólans, hvort sem er í kennsluhúsnæði eða í öðru húsnæði á vegum skólans, s.s. heimavist eða íbúð.
- » Óheimilt er með öllu að neyta, varðveita, dreifa eða vera undir áhrifum ólöglegra vímuefna eða hafa tæki til slíkrar neyslu í vörslu sinni í skólahúsnæði, hvort sem er í kennsluhúsnæði eða í húsnæði á vegum skólans, s.s. heimavist eða íbúð sem leigð er af skólanum, á skólalóð, svo og á ferðalögum, samkomum eða öðru sem fram fer á vegum skólans.

Siðareglur kennara

- » Við leggjum okkur fram um að vera hluti af samfélagi nemenda og íbúa á Flateyri og tökum þátt í viðburðum og félagsstarfi skólans og þorpsins á meðan á dvöl okkar stendur.
- » Við tökum virkan þátt í starfi skólans og erum aðgengileg fyrir nemendur jafnt innan sem utan hefðbundins skólatíma.
- » Við erum góð fyrirmynd fyrir nemendur og erum meðvituð um þau áhrif sem orð okkar og gjörðir kunna að hafa innan sem utan skóla.
- » Við hugum að því að leiðbeina og aðstoða nemendur í hvívetna til að þroska sig sem einstaklinga jafnt sem leikmenn í okkar fagi.
- » Við stuðlum að frumkvæði og þátttöku allra nemenda og hugum í hvarvetna að velliðan þeirra.
- » Við miðlum af þekkingu okkar og reynslu á fjölbreyttan hátt.
- » Við höfum gildi og markmið Lýðskólans á Flateyri ávallt í huga, hvort sem er í kennslu eða utan hefðbundins skólatíma.
- » Við sýnum nemendum ávallt sanngirni og heiðarleika og hvetjum þau til hins sama í samskiptum sín á milli.
- » Við gætum fyllsta trúnaðar á högum nemanda eða hverju því sem nemandi kann að trúa okkur fyrir.
- » Við höfum ávallt í huga hver staða okkar er gagnvart nemendum, hvort sem er innan eða utan hefðbundins skólatíma. Kennari er meðvitaður um valdastöðu sína og misnotar hana ekki.
- » Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum um nemendur.

Viðbragðsáætlanir

» **Eineltisáætlun Lýðskólans á Flateyri**

» Nemendur og starfsfólk skulu koma fram við hvert annað af kurteisi og virðingu í öllum samskiptum. Einelti er ekki liðið við skólann. Ef upp kemur grunur um einelti innan skólans er tekið á þeim málum og þau sett í ferli.

» Eineltisáætlun Lýðskólans á Flateyri er aðgengileg [hér](#).

» **Viðbragðsáætlun við einelti:**

» Málið er kannað m.a. með viðtölum við þá aðila sem eiga hlut að máli.

» Starfsfólk gerir tillögur að lausn málsins innan viku frá því að það kemst upp og leggur það til að viðurlögum verði beitt.

» Kannað verður eftir mánuð hvort málið sé leyst og eineltinu hefur linnt. Ef svo er ekki ber teyminu að leita aðstoðar aðila utan skólans við lausn málsins.

Viðbrögð við kynbundnu áreiti og ofbeldi

- » Kynferðislegt áreiti eða ofbeldi og kynbundið áreiti eða ofbeldi er ekki liðið við Lýðskólann á Flateyri hvort sem er innan eða utan hefðbundins skólastarfs.
- » Ef einstaklingur innan skólasamfélagsins telur sig hafa orðið fyrir slíku ber skólasamfélaginu að bregðast við skjótt og örugglega og vinna í samræmi við þær verklagsreglur sem eru aðgengilegar [hér](#).

Meðferð ágreiningsmála og brota á siðareglum

- » Við leggjum okkur öll fram við að leysa ágreining og vandamál strax og þau koma upp. Við byrjum á því að reyna að leysa þau innan hópsins, með aðstoð kennara ef það á við. Á morgunfundum er jafnframt tilvalið tækifæri til að taka upp mál sem ekki hefur fengist lausn við í smærri hópum. Ef lausn fæst ekki eða ef ágreiningsmál eru stærri eða af öðrum toga en þeim sem leysa má í smærri hópum, snúum við okkur til skólastjóra (kennslustjóra í hennar fjarveru) og óskum eftir íhlutun.

Skipulag, viðurlög og kæruleiðir

- » Skólastjóri tekur við ábendingum og kærum frá aðilum utan og innan skólans. Skólastjóri úrskurðar um mál sem upp kunna að koma og tengjast starfsfólki, kennurum og nemendum og gjörðum þessara aðila, bæði innan skólatíma og utan. Ráðið getur tekið mál upp að eigin frumkvæði telji það ástæðu til.
- » Við málsmeðferð skal skólastjóri gæta meginreglna stjórnsýslulaga um upplýsingaöflun, meðalhóf og andmælarétt og úrskurðir ráðsins skulu vera afdráttarlausir og rökstuddir með vísun í brot á siðareglum.
- » Heimilt er að vísa ákvörðunum skólastjóra til stjórnar skólans til úrskurðar.
- » Ef upp kemur grunur eða um staðfest brot á siðareglum er að ræða geta nemendur, kennarar, starfsfólk og íbúar samfélagsins komið ábendingum um mál til skólastjóra sem tekur erindið upp. Ábendingum og tilkynningum er hægt að koma til skila í gegnum tilkynningagátt skólans hér vað ofan.
- » Ábendingar eða tilkynningar má einnig senda á skólastjóra í tölvupósti á maggagauja@lydflat.is.